

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um einstaklinga sem ekki eiga íbúðarhúsnæði.

Hér að aftan eru nokkrar töflur með upplýsingum frá skattyfirvöldum sem veita svör við fyrirspurn.

1. *Hversu margir einstaklingar, 18 ára og eldri, hafa aldrei verið eigendur að íbúðarhúsnæði?*

Tafla 1 sýnir fjölda einstaklinga, 18 ára og eldri, sem allt frá álagningu árið 1993, vegna eigna í árslok 1992, hafa aldrei, fram til álagningar 2022, talið fram fasteignir, ýmist sjálfir eða ásamt maka, á skattframtali.

Upplýsingarnar eru flokkaðar eftir aldri og kyni framteljenda en til samanburðar eru allir framteljendur.

2. *Hversu margir hafa verið eigendur að húsnæði en eru það ekki núna? Hversu margir þeirra hafa ekki átt íbúðarhúsnæði:*

- a. *undanfarin þrjú ár,*
- b. *undanfarin fimm ár?*

Við samantekt á tölfræði er miðað við eignir einstaklinga eins og þær eru skráðar á eignasíðu skattframtals í kafla 4.1. Eignum hjóna og samskattaðra er skipt jafnt á milli hjóna og sambúðarfólks, óháð því hvort um skráða eign annars aðila að sambandinu sé að ræða. Hér er ekki aðeins um að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota heldur einnig landspildur, jarðarparta og annað slíkt. Þá er eignarhluti í fasteign einnig talinn hér eins og hann er skráður í kafla 4.1 á skattframtali.

Tafla 2 sýnir fjölda þeirra sem töldu fram húsnæði einhvern tímann frá árslokum 1992 til ársloka 2020, þ.e. áttu ekki húsnæði í árslok 2021. Upplýsingarnar eru flokkaðar á sama hátt og í töflu 1.

Tafla 2a sýnir fjölda þeirra framteljenda sem töldu fram húsnæði einhvern tíma frá árslokum 1992 til ársloka 2018, en áttu ekki húsnæði í árslok 2019, 2020 og 2021. Upplýsingarnar eru flokkaðar á sama hátt og í töflu 1 og 2.

Tafla 2b sýnir fjölda þeirra framteljenda sem töldu fram húsnæði einhvern tíma frá árslokum 1992 til ársloka 2016, en áttu ekki húsnæði í árslok 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021. Upplýsingarnar eru flokkaðar á sama hátt og í töflu 1 og 2.

Tafla 1									
Fjöldi einstaklinga, 18 ára og eldri, sem hafa aldrei verið eigendur að íbúðarhúsnæði									
Aldur	Allir framteljendur			Aldrei átt íbúð					
	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Samtals
<20	4.644	4.628	9.272	4.573	4.552	9.125	98,5%	98,4%	98,4%
20-29	30.949	28.808	59.757	23.473	20.640	44.113	75,8%	71,6%	73,8%
30-39	31.821	27.098	58.919	14.639	9.022	23.661	46,0%	33,3%	40,2%
40-49	26.901	24.300	51.201	6.929	3.662	10.591	25,8%	15,1%	20,7%
50-59	23.105	22.456	45.561	3.797	2.016	5.813	16,4%	9,0%	12,8%
60-70	22.617	22.251	44.868	2.384	1.455	3.839	10,5%	6,5%	8,6%
>70	18.304	20.422	38.726	1.021	1.029	2.050	5,6%	5,0%	5,3%
Samtals	158.341	149.963	308.304	56.816	42.376	99.192	35,9%	28,3%	32,2%

Tafla 2				
Hversu margir framteljendur hafa verið eigendur að húsnæði en eru það ekki núna?				
Aldur	Engin_fasteig	Fasteign	Samtals	
<20	6	2	8	
20-29	417	443	860	
30-39	1.850	1.896	3.746	
40-49	3.242	3.059	6.301	
50-59	3.051	2.827	5.878	
60-70	2.922	2.570	5.492	
>70	2.767	3.705	6.472	
Samtals	14.255	14.502	28.757	

Tafla 2a				
Hversu margir framteljendur hafa verið eigendur að húsnæði en hafa ekki verið það undanfarin þrjú ár?				
Aldur	Karl	Kona	Samtals	
20-29	120	149	269	
30-39	1.162	1.225	2.387	
40-49	2.493	2.405	4.898	
50-59	2.467	2.324	4.791	
60-70	2.374	2.084	4.458	
>70	2.018	2.694	4.712	
Samtals	10.634	10.881	21.515	

Tafla 2b				
Hversu margir framteljendur hafa verið eigendur að húsnæði en hafa ekki verið það undanfarin fimm ár?				
Aldur	Karl	Kona	Samtals	
20-29	46	66	112	
30-39	870	978	1.848	
40-49	2.201	2.187	4.388	
50-59	2.216	2.131	4.347	
60-70	2.154	1.881	4.035	
>70	1.742	2.221	3.963	
Samtals	9.229	9.464	18.693	